# Reglur um gæludýrahald

## Tilgangur

Tilgangur þessara reglna er að tryggja velferð gæludýra samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra. Þá hafa reglurnar einnig þann tilgang að koma í veg fyrir að dýrahald valdi ekki nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, og að koma í veg fyrir óþrif og tjón á íbúðum Félagsbústaða.

## Gildissvið

Reglur þessar gilda um gæludýrahald í íbúðum og húsum Félagsbústaða, að undanskyldum íbúðum í fjölbýlishúsum í eigu Félagsbústaða og Bjargs íbúðafélags.

## Heimildir og reglur

Dýrahald er leyfilegt í húsum Félagsbústaða en er háð eftirfarandi reglum*:* Heimilt er að vera með að hámarki eitt gæludýr, þ.e., hund, kött, fugl eða nagdýr í hverri íbúð.

1. Eigendum gæludýra ber að sjá til þess að umhirða dýra þeirra sé í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra. Einnig ber þeim að fylgja ákvæðum annarra laga, reglugerða og samþykkta sem um gæludýrahald kunna að gilda.
2. Eigendur hunda, katta og annarra gæludýra skulu hafa gilda skráningu/leyfi á dýrum sínum skv. samþykktum Reykjavíkurborgar nr. 355/2022 um hundahald og annarra samþykkta um skráningaskyldu.
3. Bannað er að halda hunda af þeim tegundum sem óheimilt er að flytja til landsins samkvæmt sbr. reglugerð nr. 935/2004, um innflutning gæludýra og hundasæðis.
    1. Pit. Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier.
    2. Fila Brasileiro.
    3. Toso Inu.
    4. Dogo Argentino.
    5. Cane Corso.
    6. Presa Canario.
    7. Boerboel.

    Bannað er að halda hunda sem hafa sambærilegan uppruna, líkamsbyggingu og/eða geðslagi og tegundir í 1.-7. lið samkvæmt rökstuddri ákvörðun Matvælastofnunar og aðra hunda sem taldir eru hættulegir að mati stofnunarinnar.

4. Hundar sem sótt er um skráningu fyrir skulu örmerktir af dýralækni samkvæmt reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra, og skal númer merkis skráð við skráningu hundsins. Sjá nánari upplýsingar um hundahald og kattahald.
5. Eigendur hunda og katta skulu færa dýr sína árlega til ormahreinsun, sbr. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
6. Eigendum og umráðamönnum gæludýra ber, eftir því sem framast er unnt, að sjá um að dýr þeirra valdi ekki hávaða, ónæði, óþrifnaði eða óhollustu. Ef dýrið veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni dýrsins að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.
7. Hunda- og kattaeigendum er ávallt skylt að fjarlægja án tafar skít og önnur óþrif eftir dýr sín í sameign og á lóð viðkomandi húss.
8. Óheimilt er að láta gæludýr vera laus í sameign og ef fara þarf með gæludýrið í gegnum sameign skal það vera í taumi eða því haldið í fangi. Öll óþrif sem kunna að verða vegna umferð um sameign ber að hreinsa upp samstundis.
9. Hundar skulu því ávallt vera í taumi utan húss og í umsjá manns, sem hefur fullt vald yfir þeim. Heimilt er þó að hafa hunda lausa undir eftirliti ábyrgs aðila innan hundheldrar girðingar þar sem hún er til staðar.
10. Brot á reglum þessum geta valdið afturköllun á úthlutun og riftun á húsaleigusamningi.

Starfsfólki Félagsbústaða er heimilt að heimsækja eigendur gæludýra og hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

## Endurskoðun stefnu, birting og gagnsæi

Reglur þessar voru samþykktar á stjórnarfundi Félagsbústaða 4. júní 2025, endurskoðaðar á stjórnarfundi 27. nóvember 2025, og skulu endurskoðaðar á 3ja ára fresti.

27. nóvember 2025

Sigrún Árnadóttir,
framkvæmdastjóri